

Úrskurður 22/2017

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á 20 ökutækjum í tollskrárnúmer 8703.2111, sem fjórhjól með 1000 cm³ sprengirými eða minna. A krafðist þess að ökutækin yrðu flokkuð sem dráttarvélar í vörulið 8701 eftir vélarafli, nánar tiltekið sem aðrar nýjar dráttarvélar í tollflokka 8701.9291 og 8701.9391.

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun Tollstjóra um að flokka beri ökutækin, nánar til tekið fjögur tæki af gerðinni CF500ATR-2L, fjórtán af gerðinni CF500ATR-3 og tvö af gerðinni CF800ATR-2, í tollskrárnúmer 8703.2111.